



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 3. febrúar 2025

MSS25010163

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um lífsleikni sem sérstaka námsgrein og samræmdar áherslur og kennsluaðferðir

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ragnheiðar Andrésdóttur fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að festa lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar í sessi sem sérstaka námsgrein og samræma áherslur og kennsluaðferðir milli grunnskóla í borginni. Miða skal við að unnið verði að samþykktinni skólaárið 2025-2026.

Greinargerð:

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggur til að skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir því að sett verði skýr viðmið um lífsleiknikennslu í grunnskólum borgarinnar og að þau viðmið séu þau sömu í öllum skólum borgarinnar. Viðmið þessi skulu ákveðin í samráði við ungmennin í borginni og lögð áhersla á fræðslu um fjölbreytileikann, fordóma, geðheilbrigði, kynbundið ofbeldi, kynfræðslu, samskipti og önnur þau málefni sem ungmennum finnst mikilvægust hverju sinni.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík